



Innleiðing gæðaviðmiða frístundaheimila: Viðhorf stjórnenda og starfsfólks

Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Steingerður Kristjánsdóttir

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Í þessari grein er fjallað um niðurstöður rannsóknar á innleiðingu á gæðaviðmiðum í starfi frístundaheimila fyrir sex til níu ára börn. Markmið rannsóknarinnar er að kanna stöðu innleiðingar á viðmiðum um markmið og gæði starfs á frístundaheimilum sem voru gefin út árið 2018 af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Áhersla er lögð á að greina hvert sé meginhlutverk frístundaheimila samkvæmt stefnuskjölum og varpa ljósi á viðhorf stjórnenda og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi til innleiðingar gæðaviðmiða í daglegt starf. Fáar rannsóknir beina sjónum sínum að gæðum frístundastarfs og er rannsókninni meðal annars ætlað að fylla það skarð í fræðilegri umfjöllun. Aflað var hagnýtra gagna sem nýtast munu til að styðja við gæði í starfi frístundaheimila. Við rannsóknina var beitt blandaðri aðferðafræði, bæði meginlegri og eiginlegri. Ýmis skrifleg stefnumótunargögn varpa ljósi á forsendur gæðaviðmiðanna. Þá var meginlegum gögnum safnað með spurningakönnun, ásamt að rýnifundur studdi við réttmæti niðurstaðna. Rafræn spurningakönnun var lögð fyrir frá 30. júní til 10. september 2023 þar sem upplýsinga var aflað um viðhorf stjórnenda og starfsfólks frístundaheimila.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að frístundaheimilum er ætlað að hlúa að félagsfærni og sjálfstrausti barna og veita þeim tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttu tómstundastarfi. Gæðaviðmiðin snúa bæði að *kerfislægum þáttum* sem rekstraraðilar og stjórnvöld bera ábyrgð á, s.s. húsnæði, búnaði og þjálfun starfsfólks og *faglegum þáttum* sem snúa að daglegu skipulagi, viðfangsefnum og samskiptum starfsfólks og barna. Niðurstöður sýna að helstu áskoranir við innleiðingu gæðaviðmiða lúta að kerfislægum gæðum en um þriðjungur svarenda taldi að illa eða mjög illa gengi að tryggja þessar grunnstödir. Um fjórðungur taldi að erfitt væri að tryggja að efniviður og búnaður sem höfðaði til áhugasviðs barna væri til staðar. Rannsóknin gefur til kynna ákveðna jaðarsetningu frístundaheimila sem endurspeglast í stefnuskjölum og viðhorfum þátttakenda. Niðurstöður kalla á markviss viðbrögð og aukinn stuðning við innleiðingu á gæðaviðmiðum í starfi frístundaheimila á landsvísu. Ljóst er að þar þarf víðtækt samráð allra hagaðila.

Efnisorð: frístundaheimili, gæði, menntastefna, fagmennska, skóla- og frístundastarf

Inngangur

Á Íslandi búa nú alls 18.068 börn á aldrinum sex til níu ára í sveitarfélögum landsins (Hagstofa Íslands, e.d.). Sé gert ráð fyrir að frístundaheimilin, sem einnig eru nefnd skólalagvist, skólasel og jafnvel gæsla, séu opin alla daga skólaársins og að barn dvelji þar daglega að loknum skóladegi, þá er ekki óraunhæft að ætla að árlega dvelji stór hluti þessara barna allt að 540 klukkustundir á

frístundaheimili. Því miður er ekki hægt að nálgast upplýsingar á vef Hagstofunnar um skráningu og dvalartíma barna á frístundaheimilum, þrátt fyrir að starfsemin sé orðin löggild grunnþjónusta í sveitarfélögum landsins (lög nr. 76/2016). Rannsóknir hafa sýnt að þessi hálfformlegi vettvangur getur haft veruleg áhrif á líðan og velferð barna, og sé vel að verki staðið getur frístundastarf stutt við nám þeirra á margvíslegan hátt (Hurst, 2019; Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017). Engu að síður beinast fáar menntarannsóknir að starfsemi frístundaheimila eða því sem mótar faglegt starf og umgjörð þeirra. Því er rannsókninni sem hér er kynnt ætlað að afla hagnýtrar og fræðilegrar þekkingar sem nýtist við fagþróun frístundaheimila í þágu barna.

Á undanförunum áratugum hefur vitund og þekking aukist á mikilvægi tómstundastarfs og meiri áhersla verið lögð á gildi óformlegs náms fyrir börn og ungmenni. Á Norðurlöndum er rík hefð fyrir að opinberir aðilar skipuleggi tómstundaúrræði og dagvistun fyrir ung börn á skólaaldri og ber slík þjónusta ýmis heiti, s.s. frístundaheimili eða skóladagvist (Klerfelt og Haglund, 2014). Ýmsar aðrar þjóðir, líkt og Ástralía og Kórea, reiða sig í mörgum tilfellum á einkaaðila sem starfrækja tómstundavistun fyrir börn á skólaaldri (Cartmel og Grieshaber, 2014). Í Þýskalandi og Sviss má greina aukna áherslu á heilsdagsskóla, ekki síst til að styðja við námslegan árangur og heimanám barnanna. Í þeim löndum var gert sérstakt átak til að fjölga heilsdagsskólum í kjölfar fyrstu PISA-niðurstaðna árið 2000 (Schuepbach og Lilla, 2020). Því er ljóst að víða um heim er komin töluverð reynsla og þekking af að skipuleggja tómstundastarf fyrir börn á skólaaldri að loknum skólaári. Hafa ber í huga að slík starfsemi getur verið ólík eftir rekstrarfyrirkomulagi og þeirri stjórnábylgju umgjörð sem starfinu er skapað í hverju landi. Lagt hefur verið til að nota enska hugtakið „school-aged-educare“ (Klerfelt o.fl., 2020) sem samnefnara fyrir þá starfsemi sem rætt verður um í þessari grein. Erfitt er að þýða hugtakið yfir á íslensku svo vel sé, en það felur í sér skipulagða starfsemi fyrir börn á skólaaldri sem ætlað er að hlúa að menntun þeirra, öryggi og velferð. Þýðingarmikið er að rannsakendur beini sjónum sínum að því sem fram fer í lífi barna utan skóla, ekki síst í því skipulagða starfi sem er í flestum vestrænum löndum orðið hluti af grunnþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Íslensk stjórnvöld gáfu út viðmið um hlutverk og markmið frístundaheimila árið 2018 og fylgdu útgáfunni eftir með kynningarfundum í öllum landshlutum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2018). Gæðaviðmiðin lýsa því sem teljast skulu meginhlutverk og grunnstoðir frístundaheimila út frá fjórum viddum: Börnin á frístundaheimilinu; Starfshættir og viðfangsefni; Mannauður og faglegt starf; Bjargir og skipulag. Þá stóðu stjórnvöld fyrir útgáfu á sjálfsmatstæki fyrir frístundaheimilin árið 2021 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2021b) og sama ár kom út þemaheftið *Frístundaheimili – Leikur og nám á forsendum barna* þar sem fjallað er um innra starf frístundaheimila (Oddný Sturludóttir, 2021). Var þemaheftinu meðal annars ætlað að draga saman hugmyndafræðilegan grundvöll frístundaheimilisstarfs á Íslandi en ekki síður að vera rökstuðningur og hvatning fyrir sveitarfélög til að tryggja frístundaheimilum aðbúnað og faglega umgjörð (Oddný Sturludóttir, 2021). Í þessari grein er fjallað um tilurð og áherslur gæðaviðmiðanna, fjölþjóðlegar rannsóknir á sambærilegri starfsemi og ljósi varpað á viðhorf stjórnenda og starfsfólks frístundaheimila til stöðu innleiðingar. Markmið rannsóknarinnar er að greina hvert sé meginhlutverk frístundaheimila samkvæmt stefnuskjólum og varpa ljósi á viðhorf stjórnenda í skóla- og frístundastarfi til innleiðingar gæðaviðmiða í daglegt starf.

Stefna um hlutverk og gæði frístundaheimila

Ólíkt öðrum Norðurlöndunum eiga frístundaheimili á Íslandi sér ekki mjög langa sögu. Það sem áður kallaðist almennt skóladagvist, heilsdagsskóli, lengd viðvera o.fl. fékk formlega nafnið frístundaheimili þegar Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur tók við rekstri þeirra í kjölfar tilraunaverkefnis um rekstur frístundaheimila í Breiðholti (Reykjavíkurborg, 2002). Í borgarráðssamþykkt frá 2010 var fjallað um rekstur frístundaheimila í húsnæði grunnskólanna, meðal annars um þjónustutíma þeirra, gjaldskrá og fleiri hagnýt atriði (Reykjavíkurborg, 2010). Þar var markmið frístundaheimila skilgreint á eftirfarandi hátt:

Lögð er áhersla á að þroska félagsfærni barna í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu þeirra fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Frístundaheimilin leitast við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður. (Reykjavíkurborg, 2010)

Hér var sleginn mikilvægur tónn varðandi markmið frístundaheimila hér á landi. Fyrsta formlega umgjörð um gæði frístundaheimila á Íslandi kom fram árið 2014 þegar Reykjavíkurborg setti fram gæðaviðmið um innra mat frístundastarfs (Reykjavíkurborg, 2015). Þessi viðmið voru afrakstur vinnu starfshóps sem stofnaður var árið 2012. Starfshópurinn hafði víðtækt samráð við starfsfólk og stjórnendur og skilgreindi í kjölfarið fjórar meginstoðir gæða: Stjórnun, frístundaheimili, mannauður og staðarbragur (Reykjavíkurborg, 2015). Hafa þessi viðmið verið notuð til að meta gæði innra starfs frístundaheimila Reykjavíkurborgar frá árinu 2014.

Lengi framan af bjuggu frístundaheimili á Íslandi ekki við neinn sérstakan ramma né reglur aðrar en þær sem lutu að almennum lögum. Sveitarfélögum var frjálst samkvæmt grunnskólalögum að bjóða upp á lengda viðveru utan skólatíma en voru ekki skyldug til þess (Lög um grunnskóla nr. 66/1995; Lög um grunnskóla nr.91/2008). Á þessu varð hins vegar grundvallarbreyting árið 2016 þegar ný grein bættist við grunnskólalög og sveitarfélögum gert skylt að bjóða upp á þjónustu frístundaheimila. Hlutverki frístundaheimila var lýst á eftirfarandi máta:

Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálstan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins. (lög nr. 76/2016, 5. gr.)

Þá var kveðið á um að ráðuneytið skyldi, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, setja fram viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks (lög nr. 76/2016). Í kjölfarið var stofnaður starfshópur á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að vinna viðmið um gæði frístundastarfs í samráði við hagaðila (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2018). Að auki var horft til könnunar sem áður var unnin um stöðu frístundaheimilanna af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014) sem og viðmiðum Reykjavíkurborgar um gæði í frístundastarfi (Reykjavíkurborg, 2015). Starfshópurinn sendi könnun til sveitarfélaga til að afla ýmissa gagna, meðal annars var spurt hvort til væru gæðaviðmið fyrir frístundaheimili og svöruðu 81% þátttakenda því neitandi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2018). Síðan þessi vinna fór fram hefur innleiðing gæðaviðmiðana ekki verið könnuð svo vitað sé. Því er sannarlega tímabært að kannað sé með skipulegum hætti hvernig til hefur tekist að innleiða gæðaviðmið frístundaheimila en veruleg þörf er á rannsóknum á þessu sviði.

Fræðilegur bakgrunnur

Hér er greint frá kenningum um gæði í uppeldis- og menntastarfsemi og fjallað um fyrri rannsóknir á gæðum í starfi frístundaheimila.

Kenningar um gæði í uppeldis- og menntastarfi

Mat á gæðum uppeldis- og menntastarfsemi er flókið þar sem margvíslegir menningar- og félagslegir þættir hafa áhrif á gæðamat, og viðhorf geta mótast af mismunandi gildismati samfélaga og einstaklinga. Þegar rætt er um gæði í menntastarfsemi er gjarnan greint á milli kerfislegra gæða (e. structural quality) og faglegra gæða (e. process quality) þar sem *kerfisleg gæði* snúa að ytri viðmiðum starfsins sem rekstraráðilar bera ábyrgð á líkt og fjölda barna, öryggisþáttum, þjálfun og menntun starfsfólks, og húsnæði og innviði starfseminnar. *Fagleg gæði* snúa á hinn bóginn að innri starfsháttum, viðfangsefnum, faglegru umgjörð og samskiptum starfsfólks og barna (Cassidy o.fl., 2005). Í lok 20. aldar hófust ýmsar tilraunir til að varpa ljósi á gæði í starfi með ungum börnum á leikskólum og dagheimilum. Einfaldast reyndist að horfa fyrst og fremst á rekstrarlega þætti, s.s. fjölda barna miðað

við fjölda starfsfólks sem og menntun og reynslu starfsfólks, en mun flóknara hefur reynst að skilja og varpa ljósi á þá þætti sem einkenna innra gæðastarf, og lúta að samskiptum barna og starfsfólks og samspili menningar- og félagslegra þátta (Phillips og Howes, 1987; Kerr og Dyson, 2020).

Tilraunir til að fanga og meta gæði tiltekinnar menntastarfsemi hljóta að byggja á hugmynd um markmið og hlutverk viðkomandi starfs. Bent hefur verið á að mat á gæðum leikskólustarfs geti í sumum tilfellum mótast af pólitískum hugmyndum stjórnvalda, sem gætu jafnvel verið í andstöðu við hugmyndir starfsfólksins um markmið og fagmennsku í slíku starfi (Dahlberg og Moss, 2013). Þá hafa komið fram vaxandi áhyggjur af skilvirkni- og árangursmiðun í menntamálum sem kalli á einhliða mælikvarða sem eingöngu snúa að afmörkuðum þáttum skólustarfs, en ekki hinu margþætta markmiði menntunar.¹ Þessi álitamál þarf að hafa í huga þegar hafist er handa við að fjalla um gæði í frístundastarfi og þau viðmið sem höfð eru til hliðsjónar við slíka greiningu. Í nýlegri grein fjalla Kerr og Dyson (2020) um árangursmat í frístundastarfi og færa rök fyrir því að allt mat þurfi að hefjast á ítarlegri greiningu á þeim fjölþættu markmiðum sem starfseminni er ætlað að ná. Þau sýna fram á að með þátttöku allra hagaðila, s.s. starfsfólks, þjónustupega og samstarfsaðila, og með því að nota aðferðafræði altækrar hönnunar og sjónarhorn breytingarfræða, sé hægt með raunhæfum hætti að leggja mat á hvort tiltekið frístundastarf skili þeim árangri sem stefnt var að. Það er því ljóst að í allri umræðu um gæði í starfi með börnum þarf að horfa til margra þátta sem tengjast kerfinu sjálfu og fagmennsku starfsfólks. Einnig þarf að hafa í huga að uppi geta verið ólíkar hugmyndir um markmið og hlutverk tiltekinnar starfsemi, og jafnvel skapast togstreita milli ólíkra sjónarmiða. Þegar litið er til frístundaheimila þá má greina ákveðna togstreitu á milli þeirra sem telja að slíkt starfsemi eigi að hverfast um frjálsan leik og óformlegt nám (Fukkink og Boogaard, 2020), og annarra sem telja að slíkt starf eigi að miða að því að styðja við formlegt nám og viðfangsefni skólustarfs (Schuepbach og Lilla, 2020). Umfjöllun um gæðaviðmið frístundaheimila leiðir því til umræðu um hlutverk frístundaheimila í samfélagslegu tilliti.

Rannsóknir á hlutverki og gæðum frístundaheimila

Fáar alþjóðlegar rannsóknir beinast sérstaklega að gæðum frístundastarfs fyrir ung skólabörn, þrátt fyrir að í flestum vestrænum löndum sé framboð á slíkri starfsemi umtalsvert þar sem að skóladagur barna er almennt mun styttri en almennur vinnudagur foreldra (Plantenga og Remery, 2017). Það sem einnig veldur því að erfitt er að fjalla um gæði í frístundastarfi er að enn sem komið er safna fá lönd ítarlegum gögnum um þátttöku barna á frístundaheimilum eða um starfsemina sjálfa. Í þessum kafla er fjallað um helstu rannsóknir sem fjalla um gæði í skipulögðu starfi með grunnskólanemendum að loknum skóladegi (e. school-age educate).

Samanburður á gæðum frístundaheimila í 27 Evrópulöndum leiddi í ljós að víða giltu engar sérstakar viðmiðunarreglur um starfsemina, s.s. um fjölda barna á starfsmann, stærð hópa eða menntun starfsfólks (Plantenga og Remery, 2017). Í þeim löndum þar sem finna mátti slík viðmið voru þau mjög breytileg. Til að mynda var mikill munur í hámarksfjölda barna á starfsmann eða allt frá 10 til 30 börn; hámarks hópastærðir voru oftast 25–30 börn, og algengast var að gerð væri krafa um framhaldsskólamenntun og lágmarkspjálfun starfsmanna. Undantekningar eru lönd eins og Svíþjóð, Danmörk, Ungverjaland og Pólland þar sem gerð var krafa um sérhæfða háskólamenntun (Plantenga og Remery, 2017).

Það er við hæfi að horfa til Svíþjóðar en þar er áratuga hefð fyrir rekstri frístundaheimila og var meðal annars horft til þeirra við mótun fyrstu frístundaheimila á Íslandi (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2009). Í Svíþjóð hefur lengst af verið gerð krafa um sérhæfða háskólamenntun í tómsundafræðum til þeirra sem starfa með börnum í frístundastarfi, hvort sem um er að ræða frístundaheimili eða félagsmiðstöð. Árið 2014 varð viðamikil breyting þegar að til varð nýtt kennaranám með sérhæfingu í tómsundastarfi, sem nefnist á sænsku *fritidslærer* (Klerfelt og Haglund, 2014). Sú ákvörðun var meðal annars tekin í því ljósi að frístundaheimilin voru rekin sem hluti af starfsemi grunnskólanna og voru markmið þeirra og gæðaviðmið skilgreind í aðalnámskrá grunnskóla (Skolverket, 2018). Frístundaheimilum í Svíþjóð er ætlað að stuðla að alhliða þroska barna í gegnum reynslumiðað

¹ Ágætt dæmi er PISA-könnunin sem hverfist fyrst og fremst um lesskilning og hæfni nemenda til að beita greinandi hugsun sem eru sannarlega mikilvægir þættir skólustarfs, en alls ekki þeir einu.

nám sem tekur mið af ólíkum aðstæðum, virkri þátttöku og áhuga barna. Þá eru skilgreind fjögur meginviðfangsefni þess náms sem fer fram í frístundastarfinu: Tungumál og samskipti, Sköpun og listir, Náttúra og samfélag og Leikur, hreyfing og útivera (Skolverket, 2018, bls. 26). Þá er frístundakennurum þar í landi jafnframt ætlað að sinna kennslu innan grunnskólans, einkum list- og verkgreinakennslu, upplýsingatækni- eða íþróttakennslu. Sú þróun hefur leitt til aukinnar togstreitu um faglegt hlutverk starfsfólks frístundaheimila þar sem lögð sé sífelld meiri áhersla á formlegt nám og það sem mætti ef til vill kalla „hefðbundin“ viðfangsefni skólustarfs fremur en skapandi og sveigjanlegt tómstundastarf sem hverfist um val og áhuga barnanna (Klerfelt o.fl., 2020). Þá benda rannsóknir til að ýmsar áskoranir mæti starfsfólki sænsku frístundaheimilanna, meðal annars sé álag töluvert á starfsfólk af ýmsum sökum, s.s. vegna fjölda barna og skorts á húsnæði og innviðum (Boström og Augustsson, 2016).

Nýleg samburðarrannsókn á gæðaviðmiðum frístundaheimila í Svíþjóð og Þýskalandi sýndi að í báðum löndum voru til staðar skýr tilmæli um að starfsemin skyldi styðja við velferð, virkni og valdeflingu barna (Fischer o.fl., 2022). Hins vegar leiddi rannsóknin í ljós áherslumun þar sem þýsku gæðaviðmiðin um heilsdagsskóla snerust fremur um stuðning við bóklegt nám en reynslumiðað nám, einkum til að jafna námslega stöðu barna innan skólanna. Það endurspegladist meðal annars með þeim hætti að mun meiri sveigjanleiki var í sænsku frístundaheimilunum, þar gátu börnin daglega valið á milli viðfangsefna en í þýsku heilsdagsskólunum þurftu börnin að skrá sig í hópa yfir heilt misseri. Engu að síður sýndu niðurstöður fram á að sambærilegar áskoranir einkenndu fagþróun og gæðastarf að mati starfsfólks og barna, og sneru þær flestar að kerfislægum atriðum líkt og aðstöðu (Fischer o.fl., 2022). Í báðum löndum upplifðu börnin sem þátt tóku í rannsókninni að aðstaðan hentaði oft illa, væri þröng og mikill hávaði. Því skorti þau oft næði til að slaka á eða til að sinna heimanámi. Ein af meginniðurstöðum sænska og þýska fræðafólksins var sú að tilurð gæðaviðmiða væri ekki nægileg ein og sér til að tryggja gæði starfseminnar.

Í Hesse í Þýskalandi þurfa heilsdagsskólar (ígildi frístundaheimila) sem taka til starfa að skila inn starfssýn og greina frá hvernig starfið fellur að gæðaviðmiðum stjórnvalda. Í rannsókn á gæðum frístundaheimila í Hollandi komust rannsakendur að þeirri niðurstöðu að meginmarkmið starfseminnar væri að mati hagaðila að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf sem styddi við heildstæðan þroska barna, en ekki ætti að leggja áherslu á formlegt nám á slíkum vettvangi (Fukkink og Boogaard, 2020). Hollensku frístundaheimilin störfuðu flest í litlum tengslum við grunnskólana og var mikil áhersla lögð á sveigjanleika og leik barna, bæði úti og inni. Foreldrar töldu gagnlegt að starfsfólk hefði margs konar bakgrunn, en fæstir töldu að háskólamenntun væri nauðsynleg starfsfólki. Meginniðurstæða rannsakenda var að leggja ætti áherslu á félagslegan þroska barna í frístundastarfinu og að samskipti starfsfólks og barna skiptu því afar miklu máli (Fukkink og Boogaard, 2020).

Ástralía er eitt af þeim löndum þar sem bæði opinberir aðilar og einkaaðilar standa fyrir skipulögðu tómstundastarfi fyrir börn á grunnskólaaldri. Áströlsk stjórnvöld hafa gefið út gæðaviðmið um frístundaheimili sem bera heitið *My time, our place: Framework for school age care in Australia*. Þau komu fyrst út árið 2011 og voru endurútgefin árið 2022. Markmið frístundaheimila er, samkvæmt viðmiðunum, að stuðla að reynslunámi og þroska í gegnum leik og tómstundastarf. Rannsóknir á innleiðingu gæðaviðmiðanna sýna að skortur á upplýsingaflæði og samskiptum milli stjórnenda skóla annars vegar og stjórnenda frístundaheimila hins vegar geti haft verulega neikvæð áhrif á frístundastarfið. Ástæðan er sú að frístundaheimilin eru alla jafna staðsett í húsnæði skólanna og þurfa að treysta á aðgengi og aðstöðu innan skólans sem starfsfólk skólanna hefur yfirráð yfir. Þannig geta ákvarðanir verið teknar innan skólans sem valda röskun á starfsemi frístundaheimilanna, til dæmis um nýtingu á húsnæði og aðgengi að rýmum (Cartmel og Grieshaber, 2014). Önnur nýleg áströlsk rannsókn sem beindist að viðhorfum og reynslu barnanna sjálfra sýndi að miklu skipti að á frístundaheimilum starfaði áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem gætti hagsmuna barna og væri til staðar. Það skipti börnin miklu máli að starfsfólkið legði sig fram um að kynnast þeim og að það væru góð samskipti milli barna og starfsfólks. Börnin treystu til dæmis á að geta leitað til starfsfólksins og fengið aðstoð, t.d. gegn stríðni, eða fá fadmlag ef því var að skipta (Cartmel o.fl., 2023). Þessi niðurstæða minnir á hve mikilvægt er að tryggja fagleg gæði, s.s. starfshætti og faglega sýn starfsfólks.

Einn þáttur sem skiptir miklu í fagstarfi með börnum er menntun og þjálfun fagfólks. Í gæðaviðmiðum íslenskra stjórnvalda er kveðið á um að forstöðumaður skuli hafa uppeldismentun en ekki er gerð sérstök krafa um menntun annarra starfsmanna. Hér á landi hefur verið skipulagt háskólanám í tómstunda- og félagsmálafræði um árabíl. Námið er ætlað þeim sem hyggjast starfa á vettvangi frístunda óháð aldri skjólstaðinga og veitir enn sem komið er ekki sérstök starfsréttindi (Jakob F. Þorsteinsson, 2014). Í Svíþjóð og Danmörku eru kröfur talsvert aðrar en í öðrum löndum þar sem þriggja ára sérhæfðrar háskólamenntunar er almennt krafist í frístundaheimilum en þó er er vert að hafa í huga að þar vinnur einnig ófaglært starfsfólk (Klerfelt o.fl., 2020). Flest önnur lönd hafa ekki sérstakar menntakröfur til starfsfólks frístundaheimila, en þó er víða skipulögð styttri þjálfun á framhaldsstigi (Plantenga og Remery, 2017). Sífellt fleiri lönd huga þó að nauðsyn þess að styðja við menntunarstig þeirra sem starfa með börnum í tómstundastarfi. Í Austurríki hefur til að mynda nýlega verið þróað eins árs nám á háskólastigi sem miðar sérstaklega að því að mennta frístundaráðgjafa (e. leisure educator) sem hyggjast starfa innan frístundaheimila þar á landi. Nýleg rannsókn þar beindist að því að kanna hvort munur væri á viðhorfum kennara og frístundaráðgjafa til ýmissa þátta skóla- og frístundastarfsins, til að greina hvort og þá hvaða máli hin sértæka menntun frístundaráðgjafa skipti. Færa rannsakendur rök fyrir því að frístundaráðgjafar telji mikilvægara en kennarar að sinna menntun og uppeldi nemenda í frímínútum, í hádegishléi og á öðrum óformlegri stöðum, þar sem ætla má að börn sem standi höllum fæti félags- og menningarlega þurfi meiri stuðning en önnur (Fischer og Loparics, 2021). Því má greina aukna vitund um að sértæk þjálfun og þekking sé nauðsynleg til að tryggja gæði í frístundastarfinu, og að ekki sé raunhæft að ætla kennurum eða starfsfólki með aðra menntun að sinna hlutverki sem menntun þeirra býr þau ekki markvisst undir.

Ofangreindar rannsóknir sýna að þrátt fyrir að stjórnsýsluleg umgjörð frístundaheimila sé ólík milli landa þá er ákveðinn samnefni að ekki virðist einhugur um hvert sé meginhlutverk frístundaheimila og einnig kemur víða fram að kerfislægum og faglegum gæðum sé ábótavant. Engu að síður virðast sjónir fólks í auknum mæli beinast að því að skoða nánar hvernig megi huga að farsæld og velferð yngstu barna grunnskólans sem treysta á að eiga öruggan og skemmtilegan frítíma að loknum skóladegi.

Tilgangur og rannsóknarspurningar

Rannsókninni er ætlað að greina hvaða stefnuáherslur endurspeglast í gæðaviðmiðum fyrir frístundaheimili hér á landi og varpa ljósi á stöðu innleiðingar á gæðaviðmiðum frístundaheimila fyrir sex til níu ára börn. Meginrannsóknarspurningarnar eru: 1) Hvaða hlutverki er frístundaheimilum ætlað samkvæmt kerfislægum og faglegum gæðaviðmiðum stjórnvalda; og 2) Hvernig meta stjórnendur og starfsfólk frístundaheimila stöðu innleiðingar og hvaða tækifæri og áskoranir greina þau?

Aðferðafræði og framkvæmd

Við rannsóknina var beitt blandaðri aðferðafræði, meginlegri og eigindlegri, til að afla margþættra gagna um viðhorf stjórnenda til innleiðingar gæðaviðmiða á frístundaheimilum. Slík aðferðafræði getur hentað vel til að leita frekari skýringa og fá fyllri mynd af viðfangsefni rannsóknar (Anna Ólafsdóttir og Sigfríður Inga Karlsdóttir, 2021). Rannsóknin fór fram í þremur skrefum. Fyrsta skref rannsóknar var að greina áherslur og þemu í stefnuskjölum um hlutverk og gæði frístundaheimila. Annað skref fólst í að leggja fyrir rafræna spurningakönnun og þriðja skrefið var að kynna fyrstu niðurstöður á rýnifundi og ræða við stjórnendur frístundaheimila.

Stefnuskjöl og skrifleg gögn. Við rannsóknina voru skoðuð meginstefnuskjöl sem snerta hlutverk og starfsemi frístundaheimila. Markmið þess að greina og fjalla um neðangreind gögn var að draga vel fram hvernig þau lýsa hlutverki frístundaheimila og þeim þáttum sem stuðla að gæðum í slíku starfi. *Tafla 1* gefur yfirlit um þessi gögn.

Tafla 1

Yfirlit um stefnuskjöl sem lýsa markmiði og gæðum frístundaheimila á Íslandi

Heiti	Ártal	Útgefandi
<i>Lög nr. 91/2008 um grunnskúla</i>	<i>2016, endurbætur (lög nr. 76/2016)</i>	<i>Stjórnarráð Íslands</i>
<i>Frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn, hlutverk, leiðarljós, markmið og viðmið: Tillögur starfshóps</i>	<i>2018</i>	<i>Mennta- og menningarmálaráðuneyti</i>
<i>Hlutverk frístundaheimila (veggspjald)</i>	<i>Án árs</i>	<i>Mennta- og menningarmálaráðuneyti</i>
<i>Lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna</i>	<i>2021</i>	<i>Stjórnarráð Íslands</i>
<i>Frístundaheimili – Leikur og nám á forsendum barna (þemahefti)</i>	<i>2021</i>	<i>Mennta- og menningarmálaráðuneyti</i>
<i>Menntastefna til 2030</i>	<i>2021</i>	<i>Mennta- og menningarmálaráðuneyti</i>
<i>Frístundastarf í grunnskólum (heimasiða)</i>	<i>2022</i>	<i>Mennta- og barnamálaráðuneyti</i>

Þessi stefnuskjöl voru valin þar sem þau eiga að lýsa stefnu og framtíðarsýn í málefnum frístundaheimila, hlutverki þeirra og gæðaviðmiðum. Við gagnagreiningu var beitt opinni þemagreiningu með rýnandi og túlkandi hætti (Braun og Clarke, 2014). Sérstaklega var horft til þess að varpa ljósi á hvaða kerfislegu og faglegu viðmið birtust í gæðaviðmiðum stjórnvalda.

Rafræn spurningakönnun. Spurningakönnunin var opin frá júní til september 2023 til að afla upplýsinga um viðhorf stjórnenda og starfsfólks frístundaheimila til innleiðingar gæðaviðmiðanna. Í könnuninni var spurt hversu vel eða illa þátttakendur töldu að gæðaviðmiðin féllu að þeirra faglegu sýn á hlutverk frístundaheimila. Þá voru þátttakendur beðnir að meta hve vel/illa gengi að innleiða þau 16 markmið sem skilgreind eru í gæðaviðmiðunum. Spurt var um hvað þátttakendur teldu helst veita faglegan stuðning í starfi og hvort þeirra frístundaheimili hefði farið í gegnum sjálfsmat. Þátttakendum í könnuninni var enn fremur boðið að svara tveimur opnum spurningum. Fyrst var spurt um hvaða breytingar sem tengjast starfsumhverfi og stefnumótun hefðu haft mest áhrif á starfsemi frístundaheimila þegar litið væri til síðustu ára. Þá var spurt hvort viðkomandi vildi bæta einhverju við sem snerti gæði og fagmennsku frístundaheimila.

Tölvupóstur með ósk um þátttöku var sendur til allra skólustjóra og forstöðumanna frístundaheimila (þar sem þær upplýsingar lágu fyrir) á landsbyggð og höfuðborgarsvæði, og voru stjórnendur beðnir um að framsenda könnun á starfsfólk frístundaheimila. Jafnframt var settur póstur með tengli á könnunina inn á nokkra Facebook-hópa stjórnenda og starfsfólks á frístundaheimilum og skóla- og frístundastarfi.

Rýnifundur. Til að kafa dýpra í niðurstöður og túlka þær var haldinn rafrænn rýnifundur með þremur forstöðumönnum frístundaheimila. Þátttakendur höfðu mislanga starfsreynslu, einn hafði starfað innan við tvö ár sem forstöðumaður og var ekki með menntun á því sviði. Hinir tveir höfðu áralanga reynslu, sérhæfða menntun og hafði annar þeirra starfað um árabíl á höfuðborgarsvæðinu sem var mikilvægt til að geta dregið fram reynslu af bæði landsbyggð og höfuðborg. Helstu niðurstöður voru kynntar á Zoom-fundi og þeim boðið að ræða þessar niðurstöður út frá eigin reynslu. Studst var við viðtalsramma til að draga fram viðbrögð þátttakenda við helstu niðurstöðum könnunarinnar, s.s. hvort eitthvað kæmi þeim á óvart, hvort þau gætu nefnt dæmi úr eigin starfsreynslu eða nærumhverfi um þá helstu starfshætti og innviði sem styddu við gæðastarf. Gögn frá rýnifundi gerðu rannsakendum kleift að túlka með skýrari hætti niðurstöður spurningakönnunar og varpaði betri birtu á þá þætti sem stjórnendur telja yta undir eða hindra gæðastarf innan frístundaheimila.

Gagnagreining fór fram bæði samhliða og í kjölfar gagnaöflunar líkt og algengt er með rannsóknir sem fela í sér fjölbreytt gögn (Esterberg, 2002). Lýsandi tölfraði var dregin saman í Jamovi og verður lýst í niðurstöðukafla. Skrifleg gögn úr opnum spurningum og rýnifundi voru kóðuð og þemagreind með hliðsjón af rannsóknarspurningum, ásamt því sem leitað var eftir þemum og rauðum þræði í frásögnum þátttakenda (Braun og Clarke, 2014). Þau meginþemu sem komu fram í skriflegum gögnum voru: Skortur á faglegum stuðningi og jaðarsetning starfseminnar.

Síðferðisleg atriði. Gætt var virðingar og trúnaðar við þátttakendur og að valda þeim ekki skaða (Háskóli Íslands, 2014). Því koma nöfn eða bakgrunnsupplýsingar um þátttakendur ekki fram í greininni. Rétt er að taka fram að báðir rannsakendur störfuðu um árabíl sem stjórnendur í frístundastarfi og tóku þátt í þróun frístundaheimila hér á landi, ekki síst í Reykjavík. Við lögðum okkur fram um að hafa ekki áhrif á svör viðmælenda í rýnihópi. Engu að síður er rétt að hafa í huga að fyrri reynsla okkar af starfi frístundaheimila getur óneitanlega haft mótandi áhrif á túlkun niðurstaðna. Þó má einnig segja að reynsla okkar af daglegu starfi frístundaheimila sé einnig styrkur sem meðal annars hafi aðstoðað við að byggja upp traust og opið samtal við þátttakendur í rýnihópi.

Takmarkanir og styrkleikar rannsóknar. Þar sem rafræna spurningakönnunin var opin og ekki eingöngu send á tiltekin netföng reyndist ekki unnt að greina svarhlutfall. Alls svöruðu 116 stjórnendur könnuninni sem ætla má að gefi góðar vísbendingar um viðhorf þessa hóps stjórnenda úr skóla- og frístundastarfi til innleiðingar gæðaviðmiðanna. Engu að síður verður að setja ákveðinn fyrirvara þar sem fjöldi svara var ekki talinn nægjanlegur til að forsendur væru til að bera saman á réttmætan hátt svör ólíkra hópa, s.s. út frá menntun, starfsreynslu eða landshluta. Styrkleikar rannsóknar felast meðal annars í að hún beinist að viðfangsefni sem jafnan er jaðarsett í menntarannsóknum og að fjölbreyttum aðferðum var beitt til að renna stöðum undir réttmæti niðurstaðna.

Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að stjórnvöld leggja áherslu á að hlutverk frístundaheimila sé fyrst og fremst að bjóða upp á fjölbreytt tómsundastarf í öruggu og þroskandi starfsumhverfi. Þá sýna niðurstöður að þó að margt sé jákvætt í starfi frístundaheimila, þá þurfi stjórnvöld og sveitarfélög að huga að stuðningi við rekstur og innviði, líkt og þjálfun starfsfólks, húsnæði og búnað við hæfi. Gögnin gefa því ótvírætt til kynna að ýmsar áskoranir eru tengdar innleiðingu gæðaviðmiða á Íslandi.

Hlutverk frístundaheimila og gæðaviðmið á Íslandi

Hér er greint frá fjórum þemum sem komu fram í greiningu á stefnuskjölum sem snerta frístundaheimilin á Íslandi. Þessi þemu eru Hlutverk frístundaheimila, Reynslunám og virk þátttaka, Samvinna um farsæld, og Lítil tenging við menntastefnu. Þá er sett fram yfirlit um gæðaviðmiðin sjálf til að skýra betur hvernig þau voru sett fram.

Hlutverk frístundaheimila. Í sértækum stefnuskjölum sem snúa að frístundaheimilum er skýrt kveðið á um að hlutverk þeirra sé að „bjóða þeim innihaldsríkt frístunda- og tómsundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2018, bls. 8). Í skýrslu starfshóps sem falið var að móta gæðaviðmið frístundaheimila kom fram að ákveðið hefði verið að hafa markmið um gæði metnaðarfull og skýr án þess þó að hafa þau íþyngjandi fyrir rekstraraðila (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2018). Í þessu felst óbein yfirlýsing um að skýrsluhöfundar hafi talið skynsamlegt að taka varfærin fyrstu skref til að gera faglegar kröfur til sveitarfélaga um rekstur frístundaheimila. Engu að síður eru gæðaviðmiðin yfirgrípsmikil og taka til allra helstu þátta starfseminnar, enda var þeim ætlað að tryggja lágmarksinnviði og gæðastarf í þágu barna. Sett voru fram tvö meginleiðarljós gæðaviðmiðanna: Í fyrsta lagi skal bjóða öllum börnum „þátttöku í fjölbreyttu frístunda- og tómsundastarfi án aðgreiningar með það að markmiði að efla sjálfstraust og félagsfærni þeirra“. Og í öðru lagi skal daglegt starf frístundaheimila einkennast af „öryggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna“ (Mennta- og barnamálaráðuneyti, 2022).

Reynslunám og virk þátttaka barna. Þemaheftið um frístundaheimilin sem kom út árið 2021 er mun efnismeira en gæðaviðmiðin sjálf og fjallar um faglegar og fræðilegar rætur frístundastarfs. Litið er á frístundaheimilin sem vettvang reynslunáms og jarðveg fyrir nám í viðum skilningi. Þar segir: „Reynslunám byggir á virkni og hvetur börn til að vera gerendur en ekki áhorfendur í hverju því sem þau taka sér fyrir hendur“ (Oddný Sturludóttir, 2021, bls. 11). Ekki er rætt um tilteknar námsgreinar og ekki virðist alla jafna gert ráð fyrir að starfsfólk frístundaheimilis sinni kennslu eða verkefnum innan grunnskólans. Þó er í þemaheftinu rætt um að nám á frístundaheimilum geti stutt vel við hin sex grunngildi menntunar samkvæmt aðalnámskrá frá 2011, sem eru læsi, jafnrétti og mannréttindi, sköpun, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, og lýðræði (Oddný Sturludóttir, 2021). Í gæðaviðmiðum kemur jafnframt fram að nýta skuli náttúru og nærumhverfi sem vettvang leiks og starfs, og boðið skuli upp á smíðjur og fræðslu um tiltekin málefni.

Samvinna í þágu farsældar. Annar mikilvægur þráður í stefnumótun frístundaheimila tengist innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (lög nr. 86/2021). Í þeirri löggjöf er lagður grunnur að mikilvægi þess að ólíkar fagstéttir í skóla- og frístundaumhverfi barna og ungmenna vinni saman að farsæld allra barna. Þurfi að grípa inn í líf barna með sértæku úrræði skuli stofna til stuðningsteymis allra þeirra þjónustuaðila sem koma að barninu, þar á meðal starfsfólki frístundaheimilis eigi það við. Hér var sleginn nýr og ákveðinn tónn sem hefur hrundið af stað víðtæku samtali um þroska, nám og velferð barna í samfélaginu (sjá t.d. Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Kristján Kristjánsson, 2023). Ekki er að fullu ljóst hvaða þýðingu þessi lög munu hafa fyrir fagþróun í starfi frístundaheimila, en í greinargerð kemur fram að innan menntakerfis skipti miklu að veita snemmtækan stuðning til að veita börnum aðstoð eins fljótt og auðið er. Fram kemur að með „... öflugum samstarfi allra stofnana og þeirra aðila sem sinna menntun, stuðningi í skólastarfi, geðheilbrigðisþjónustu og fötlunarþjónustu væri hægt að gera heildræna áætlun fyrir barn um hvernig kerfin myndu vinna saman að því að bæta stöðu þess og fjölskyldunnar“ (þingskjal nr. 440/2020–2021).

Lítill tengsl við menntastefnu. Árið 2021 var lögð fram ný þingsályktun um menntastefnu til 2030, en ekki var fjallað sérstaklega um hlutverk frístundaheimila, sem er umhugsunarvert í ljósi þeirrar stefnumótunar um frístundaheimilin sem þegar hafði átt sér stað. Þó kemur fram í nýju menntastefnunni að í menntakerfinu skuli nemendur fá þjálfun í tilfinninga- og félagsfærni og að leggja skuli grunn að samfélagslegri þátttöku þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021a). Það er því ákveðin mótsögn í stefnu stjórnvalda sem annars vegar kveða nokkuð skýrt á um uppeldislegt og menntandi gildi frístundaheimilanna en hins vegar tengja þá starfsemi ekki skýrt við nýja menntastefnu sem þó leggur áherslu á heildstæða hæfni, gagnrýna hugsun, sköpun og virka þátttöku nemenda (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021a).

Af ofangreindu má draga þá ályktun að frístundaheimilum er ekki ætlað að skipuleggja formlegt nám eða skólastarf, heldur sé meginhlutverk þeirra að efla sjálfstraust og félagsfærni barna, og tryggja börnum innihaldsríkt frístundastarf. Frístundaheimilin eru talin skapa vettvang fyrir reynslunám sem styðji við heildstæða hæfni og þroska barna en engu að síður er ekki vísað til hlutverks þeirra í nýlegum stefnuskjölum menntastefnu.

Kerfislæg og fagleg gæðaviðmið frístundaheimila. Gæðaviðmiðin sem gefin voru út árið 2018 voru sett fram út frá aðferðafræði samhæfðs árangurmats til að einfalt væri að aðgerðabinda viðmiðin og meta árangur (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2018).

Viðmiðin eru sett fram með einföldum hætti á veggspjaldi og skiptast í fjórar meginstöðir (sjá vinstri dálk Töflu 2). Undir hverri stöð er lýst fjórum meginmarkmiðum sem stefnt skuli á að ná og eru skilgreindar þrjár vísbendingar um gæði undir hverju markmiði.

Í *Töflu 2* er yfirlit um megingæðaviðmiðin 16 og feitletruð eru þau viðmið sem flokka má sem kerfislæg (e. structural), en önnur viðmið í töflunni falla undir fagleg viðmið (e. process quality) samkvæmt skilgreiningu Cassidy o.fl. (2005).

Tafla 2

Gæðaviðmið frístundaheimila flokkuð í kerfislæg og fagleg viðmið um gæði

Börnin á frístundaheimilinu	1. Börnum líður vel og þau eru örugg, heilbrigð og glöð	2. Börnin hafa sterka sjálfsmýnd og félagsfærni	3. Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður	4. Börnin eru áhugasöm um starfið og styrkur þeirra fær að njóta sín
Starfshættir og viðfangsefni	5. Virkt samstarf við foreldra, skóla, íþrótta- og æskulýðsfélög og aðra í grenndar-samfélaginu	6. Starfsumhverfið er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu	7. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og skapandi og mótast af áhuga barna og þroska þeirra	8. Lýðræðislegir starfshættir, frumkvæði barna, val og frjáls leikur er ríkjandi
Mannauður og faglegt starf	9. Sveitarfélag mótar stefnu um frístundaheimili og stuðlar að fagþróun starfsins	10. Uppeldis-menntaður forstöðumaður stýrir starfseminni og veitir faglega forystu	11. Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi	12. Starfsfólk er jákvætt í samskiptum og kemur fram við öll börn af virðingu og umhyggju
Bjargir og skipulag	13. Skilvirk upplýsinga- og samskiptatækni styður við starfsemina á fjölbreyttan hátt	14. Starfsemin er skipulögð, opnunartími og dagskipulag er sýnilegt og kynnt börnum, foreldrum og helstu samstarfsaðilum	15. Húsnæði og útileiksvæði eru örugg og taka mið af jöfnum tækifærum og ólíkum þörfum allra barna	16. Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska

Til að gefa innsýn í hvernig vísbendingar um gæði eru útfærð eru í Töflu 3 hér gefin tvö dæmi, annars vegar um faglegt viðmið nr. 11 sem snýr að hæfni starfsfólks og hins vegar kerfislægt viðmið nr. 15 sem snýr að húsnæði.

Tafla 3

Dæmi um vísbendingar um gæði samkvæmt gæðaviðmiðum frístundaheimila.

11. Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi	15. Húsnæði og útileiksvæði eru örugg og taka mið af forsendum frístundastarfs, jöfnum tækifærum og ólíkum þörfum allra barna
a. Starfsfólk tryggir börnunum fjölbreytt og uppbyggileg viðfangsefni	a. Húsnæði frístundaheimilis og útileiksvæði uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum um grunnskóla og lögum um vinnuvernd
b. Starfsfólk er ánægt í starfi og telur hæfni sína og þekkingu vel nýttá	b. Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna
c. Starfsfólk vinnur saman að útfærslu viðfangsefna	c. Aðgengi að húsnæði, innan veggja þess og að útileiksvæði, hentar öllum

Bakgrunnur þátttakenda

Hér er gerð grein fyrir bakgrunni þátttakenda í spurningakönnuninni. Konur voru 75% svarenda (N=87) og karlar 19,8% (N=23), kynsegin voru 4% (N=4) og tveir svöruðu ekki spurningunni. Þá voru 56,9% svarenda staðsettir á höfuðborgarsvæðinu en 43,1% svarenda voru staðsettir á landsbyggðinni.

Tafla 4

Bakgrunnur þátttakenda

Starfsheiti	Fjöldi	% hlutfall
Forstöðumaður frístundaheimilis	53	45,7
Frístundaráðgjafi	4	3,4
Frístundaleiðbeinandi	23	19,8
Skólastjóri	12	10,3
Annað	24	20,7

Á meðal þeirra sem merktu við annað voru einkum aðstoðarforstöðumenn og stjórnendur hjá sveitarfélögum.

Tafla 5

Menntun þátttakenda

Menntun	Fjöldi	% hlutfall
Framhaldsnám á háskólastigi	28	28%
Grunnnám úr háskóla	46	45%
Stúdentspróf	13	13%
Grunnskólamenntun	6	6%
Annað*	9	8%

*Þau sem merktu annað höfðu flest lokið námi úr framhaldsskóla, s.s. leikskólalíðanámi eða stuðningsfulltrúanámi.

Tafla 6

Starfsreynsla þátttakenda

Menntun	Fjöldi	% hlutfall
< 3 ár í núverandi starfi	28	46,6%
4-7 ár	46	25%
8-15 ár	13	16%
> 16 ár	6	8,6%

Viðhorf stjórnenda og starfsfólks til innleiðingar gæðaviðmiða frístundaheimila


Niðurstöður sýna að almennt töldu þátttakendur að ágætlega gengi að innleiða gæðaviðmiðin, en að helstu hindranir sneru að kerfislægum stuðningi. Það sem einkum kom á óvart var að ekki var marktækur munur á viðhorfum þeirra sem störfuðu á höfuðborgarsvæðinu, þar sem fagleg þróun hefur staðið yfir lengur, og þeirra sem störfuðu á landsbyggðinni í fámennari sveitarfélögum. Því er

ekki greint á milli svara eftir staðsetningu. Þátttakendur voru beðnir að meta hve vel/illa gengi að innleiða þau 16 markmið sem skilgreind eru í gæðaviðmiðunum.

Mynd 1 sýnir að meirihluti þátttakenda telur að leiðarljós gæðaviðmiðanna falli vel að þeirra eigin sýn á faglegt starf frístundaheimilanna.

Mynd 1


Hve vel/illa falla leiðarljós gæðaviðmiðanna að þeirri sýn sem þú hefur á faglegt starf frístundaheimila?



Næstu fjórar myndir sýna niðurstöður sem snúa að mati þátttakenda á þeim 16 markmiðum sem falla undir fjórar meginstöðir gæðaviðmiðanna.

Mynd 2


Mat þátttakenda á hve vel/illa gengur að innleiða gæðaviðmið sem snúa að börnunum á frístundaheimilinu



Mynd 2 sýnir að langflestir telja að það gangi vel eða mjög vel að innleiða þau faglegu markmið sem snúa að líðan, áhuga og félagsfærni barnanna. Þó telja um 8% að það gangi ekki sem skyldi að virkja börnin til þátttöku.

Mynd 3


Mat þátttakenda á hve vel/illa gengur að innleiða gæðaviðmið sem snúa að starfsháttum og viðfangsefnum



Ofangreind mynd gefur til kynna að almennt töldu þátttakendur að lýðræðislegir starfshættir einkenndu starfið, en þó mátu 11% þátttakenda að illa eða mjög illa gengi að tryggja að starfsumhverfið væri án aðgreiningar og að virkt samstarf væri við skóla og aðra íþrótt- og æskulýðsstarfsemi í nærumhverfi. Mikill meirihluti taldi að viðfangsefni í frístundastarfinu væru fjölbreytt en um 8% töldu að svo væri ekki, og 5% treystu sér ekki til að leggja mat á það.

Mynd 4


Mat þátttakenda á hve vel/illa gengur að innleiða gæðaviðmið sem snúa að mannaúði og daglegu starfi



Mynd 4 sýnir að 31% taldi ganga illa eða mjög illa að tryggja að sveitarfélag hefði mótað stefnu og 15% svarenda vissu ekki hvort það væri til stefna í viðkomandi sveitarfélagi. Um 20% svarenda töldu að illa eða mjög illa gengi að tryggja hæfni starfsfólks og frumkvæði þeirra.

Mynd 5


Mat þátttakenda á hve vel lilla gengur að innleiða gæðaviðmið sem snúa að björgum og skipulagi



Niðurstöður sýna að helstu áskoranir við innleiðingu gæðaviðmiða lúta að kerfislægum gæðum, líkt og húsnæði og útleiksvæði, en um þriðjungur svarenda taldi að það gengi illa eða mjög illa að tryggja þessar grunnstoðir í starfi frístundaheimila. Um fjórðungur taldi að erfitt væri að tryggja að efniviður og búnaður sem höfðaði til áhugasviðs barna væri til staðar eða taldi sig ekki geta lagt mat á þann þátt. Einnig var spurt um hvar viðkomandi sækti faglegan stuðning.

Mynd 6


Hvar sækir þú faglegan stuðning í þínu starfi?



Álíka margir sögðust leita til nánasta samstarfsfólks og til næsta yfirmanns til að fá faglegan stuðning. Það vekur athygli að mjög fáir svarendur töldu sig hafa nýtt sér fagleg gögn. Einungis einn sagðist hafa nýtt sér þemahefti um frístundaheimili og þrír merktu við að hafa nýtt sér heimasíðu og handbók frístundalæsis. Alls 24 svarendur slepptu þessari spurningu.

Mynd 7

Hvað skiptir mestu til að efla gæði frístundaheimila?



Mynd 7 sýnir vægi ofangreindra þátta á skalanum 1–10, en þátttakendur voru beðnir að forgangsraða fimm mikilvægustu þáttunum að þeirra mati. Mest vægi fékk aukin fræðsla og þjálfun starfsfólks. Næstu þrjú þættir með svipað vægi voru fjármögnun, betri starfsaðstaða og skýrari stefnumótun. Í könnuninni kom jafnframt í ljós að meirihluti svarenda eða um 80% svaraði því neitandi að frístundaheimilið hefði farið í gegnum sjálfsmat eða nýtt sér sjálfsmatstæki frístundaheimila.

Rýni þátttakenda og þemu úr opnum svörum

Tvö meginþemu komu upp í opnum svörum og í rýnihópi: Skortur á faglegum stuðningi og jaðarsetning. Niðurstöður af rýnifundi sýndu að þátttakendum komu niðurstöður könnunar ekki á óvart, að öðru leyti en því að þau undruðust að ekki væri munur á viðhorfum eftir landshlutum. Þátttakendur upplifðu mörk skort á faglegum stuðningi og ákveðna jaðarsetningu á þeirra starfsvettvangi innan sveitarfélaganna. Einn þátttakandi hafði reynslu af því að starfa bæði innan Reykjavíkurborgar og á landsbyggðinni, og taldi borgina komna mun lengra í að leiða fagþróun starfseminnar og þar væri framboð á faglegum stuðningi, námskeiðum og fræðslu fyrir starfsfólk mun meira en á landsbyggðinni. Þau sem tóku þátt í rýnifundinum kölluðu eftir auknum faglegum stuðningi og ræddu sérstaklega um mikilvægi þess að hafa stuðning yfirmanna. Einn forstöðumaður sagði til að mynda: „Maður upplifir sig stundum einangraðan úti í horni og það er ótrúlega óþægileg og yfirþyrmandi tilfinning.“ Annar viðmælandi upplifði ekki mikinn faglegan stuðning þar sem næsti yfirmaður hans hafði litlar skoðanir á frístundastarfinu: „Minn yfirmaður er skólastjóri og það er rosalega takmarkaður áhugi á því að efla frístund og gera eitthvað faglegt starf.“ Einn viðmælandi kvað svo fast að orði að fyrir frístundaheimilin þyrftu að gilda sérstök lög þar sem starfsemi þeirra lægi vel við höggi þegar það kæmi t.d. að niðurskurði í sveitarfélaginu. Ljóst var að þátttakendum í rýnihópnum þótti niðurstöður rannsóknarinnar endurspegla þeirra eigin reynslu og upplifun á starfinu. Það kom þeim ekki á óvart að niðurstöður bentu til að verulega þyrfti að efla kerfislegan stuðning við faglegt starf frístundaheimila, enda upplifðu þau öll ákveðinn skort á slíkum stuðningi í sínu nærumhverfi. Rétt er að setja þann fyrirvara að fáir tóku þátt í rýnihópnum. Þó gefa þessar niðurstöður vísbendingar sem gagnlegt er að horfa til.

Opnar spurningar í könnuninni voru tvær. Fyrst var spurt um hvaða breytingar sem tengjast starfsumhverfi og stefnumótun hefðu haft mest áhrif á starfsemi frístundaheimila þegar litið væri til síðustu ára. Þau sem svöruðu þessari spurningu nefndu að gæðaviðmiðin og fjölgun menntaðra tótmunda- og félagsmálafræðinga hefðu haft jákvæð áhrif á þróun frístundastarfsins. Tveir

nefndu að farsældarlögin hefðu einnig haft jákvæð áhrif á samstarf fagaðila. Einhverjir nefndu að fjármögnun, húsnæði og aðbúnaður hefði lagast, en þó var einnig nefnt að of lítið fjármagn væri sett í málaflökkinn og aðstaða væri alls ekki til fyrirmyndar. Þá var spurt hvort viðkomandi vildi bæta einhverju við sem snerti gæði og fagmennsku frístundaheimila. Hér var einkum nefnt að tryggja þyrfti viðeigandi húsnæði, aukna fræðslu og stuðning við starfsfólk, og að efla þyrfti stefnumótun og fjármögnun frístundaheimila.

Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna stöðu innleiðingar á viðmiðum um markmið og gæði starfs á frístundaheimilum sem voru gefin út árið 2018 af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Áhersla var lögð á að greina hvert væri meginhlutverk frístundaheimila samkvæmt stefnuskjölum og varpa ljósi á viðhorf stjórnenda í skóla- og frístundastarfi til innleiðingar gæðaviðmiða í daglegt starf. Niðurstöður sýna að hlutverk frístundaheimila sé fyrst og fremst að skipuleggja tómsundastarf þar sem börn leika og starfa í félagahópi, og unnið sé að því að efla sjálfstraust barna og félagsfærni á forsendum reynslunáms. Þó að stjórnendur og starfsfólk telji að flestum börnum líði vel á frístundaheimilum og að starfsfólk sé langoftast áhugasamt og leggi sig fram í starfi, þá upplifa þau skort á faglegum stuðningi og að starfsemin sé jafnarsett hvað varðar fjármögnun og húsnæði.

Niðurstöður benda til þess að viðmið um markmið og gæði frístundaheimila sem íslensk stjórnvöld gáfu út árið 2018 falli ágætlega að faglegri sýn stjórnenda og starfsfólks frístundaheimilanna. Markmið frístundaheimila er að hlúa að félagsfærni og sjálfstrausti barna og veita þeim tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttu tómsundastarfi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2018). Engu að síður benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að víða þurfi að huga að þeim kerfislægu grunnstöðum sem stuðla að gæðum í starfi frístundaheimila, s.s. húsnæði, búnaði og fræðslu og þjálfun starfsfólks. Íslensku gæðaviðmiðin eru umfangsmikil og nokkuð almenn, en ramma þó vel inn meginmarkmið starfsins og tilgreina flest þau kerfislægu og faglegu gæðaviðmið sem aðrar þjóðir hafa einnig horft til. Líkt og hjá flestum öðrum vestrænum þjóðum þá er megináherslan á frjálsan leik og val barna, að umhverfi sé öruggt og sveigjanlegt og taki mið af fjölbreyttum þörfum barna að loknum skóladegi (Fukkink og Boogaard, 2020). Íslensku gæðaviðmiðin standa því nær þeim sænsku, en til að mynda þýskum heilsdagsskólum sem leggja meiri áherslu á námslegan stuðning innan starfseminnar (Fischer o.fl., 2022).

Sé lítið til meginniðurstaðna þá sýna þær berlega að stjórnendur frístundaheimila telja ýmsu verulega ábótavant þegar kemur að rekstrarlegum innviðum líkt og húsnæði, aðgengi að húsnæði, efniviði og búnaði. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir sem sýna að þau frístundaheimili sem samnýti húsnæði með grunnskóla verði oft jafnarsett og lendi í togstreitu um aðstöðu við starfsfólk grunnskólans (Boström og Augustsson, 2016; Cartmel og Grieshaber, 2014). Á rýnifundi og í opnum svörum var starfsfólki tíðrætt um skort á stuðningi og stefnumótun sveitarfélaganna og óvissri fjármögnun. Engu að síður sýnir þessi rannsókn að gæðaviðmið stjórnvalda um frístundaheimili eru að mati flestra stjórnenda frístundaheimila raunhæfur faglegur rammi sem ætti að geta stutt vel við innleiðingu gæðastarfs á vettvangi sveitarfélaga og frekari stefnumótun þeirra. Fram kom að stjórnendur telja að stefnumótun stjórnvalda síðustu árin hafi stutt við fagþróun í starfi frístundaheimila, ekki síst markmiðsgrein um frístundaheimili í grunnskólalögum árið 2016 og útgáfa gæðaviðmiða tveimur árum síðar.

Íslensk stjórnvöld hafa því styrkt frístundaheimilin í sessi sem mikilvægan þátt menntakerfisins, þar sem unnið sé markvisst að því að efla félagsfærni og sjálfstraust barna. Í nútímasamfélögum er slík hæfni ein af lykilundirstöðum fyrir farsæla þátttöku í lýðræðissamfélagi. Þá er ljóst að stjórnvöld leggja áherslu á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (lög nr. 86/2021). Frístundaheimili eru vettvangur barna og geta, ef vel er að verki staðið, verið þeim uppspretta innihaldsríkra félagslegra samskipta, sköpunar og þroska (Cartmel o.fl., 2023). Því er ánægjulegt að niðurstöður sýna að meirihluti þátttakenda taldi almennt að börnunum líði vel á frístundaheimilunum og að samskipti starfsfólks og barna væru góð. Rannsóknin sem hér hefur verið kynnt leggur lóð á vogarskálar til að

sýna hvert markmið og hlutverk frístundaheimila er og getur verið í námi og þroska barna, og hve mikilvægt er að tryggja faglega umgjörð og gæði í slíku starfi.

Ljóst er að kanna þarf mun betur samspil kerfislægra og faglegra gæða í starfi frístundaheimila, og ekki síður með hvaða hætti stjórnendur frístundaheimila takast á við daglegar áskoranir starfsins og innleiðingu gæðastarfs. Nauðsynlegt er að skipuleggja frekari rannsóknir í samvinnu við sveitarfélög og stjórnendur frístundaheimila, til að mynda í formi þátttökurannsókna eða starfendarannsókna þar sem unnið er að þróun starfshátta. Slíkar rannsóknir leggja grunn að skilningi á hvernig starfsfólk getur virkjað öll börn til þátttöku, og miðað daglegt starf að aldri, þroska og áhuga barna. Afrakstur slíkra rannsókna ætti enn fremur að birtast í aukinni fagmennsku sem rennir stoðum undir gæði í daglegu starfi.

Hagnýtur lærdómur

Niðurstöður rannsóknarinnar kalla á markviss viðbrögð af hálfu stjórnvalda, sveitarstjórnaraðila og stjórnenda í skóla- og frístundastarfi sem bera ábyrgð á rekstri og fagþróun frístundaheimila. Huga þarf að stuðningi við rekstur og innviði, menntun og þjálfun starfsfólks, húsnæði og búnaði við hæfi. Stórefla þarf fræðslu og faglegan stuðning til starfsfólks frístundaheimila og nýta mun betur þau faglegu gögn sem búið er að gefa út, s.s. gæðaviðmiðin sjálf, þemahefti um frístundaheimili, sjálfsmatstæki frístundaheimila og handbók um frístundalæsi. Þó mörg sveitarfélög hafi mótað stefnu um frístundaheimilin og þátt þeirra í námi og þroska barna þá sýna niðurstöður að betur má ef duga skal. Sé stefna um frístundaheimilin til staðar, þarf að skapa vettvang til að kynna hana og ræða. Samkvæmt svörum stjórnenda frístundaheimila hafa fá sveitarfélög nýtt sér sjálfsmatstæki fyrir frístundaheimili sem finna má á heimasíðu Stjórnarráðsins (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021b). Þá þarf einnig að beita heildstæðu ytra og innra mati til að varpa ljósi á helstu þætti frístundastarfsins og árangur starfseminnar frá sjónarhorni allra hagaðila, ekki síst barna, foreldra og starfsfólks (sjá t.d. Kerr og Dyson, 2020).

Engin almenn viðmið gilda á landsvísu um fjölda barna eða hópastærðir og lágmarkskröfur eru gerðar til menntunar almennra starfsmanna. Hér á landi líkt og innan flestra Evrópuþjóða virðist ekki vera nægilegt eftirlit eða yfirsýn um starfsemi frístundaheimila (Plantenga og Remery, 2017). Þá ráku höfundar sig á það við undirbúning rannsóknar að hvergi má nálgast heildartölur um fjölda grunnskólabarna á landsvísu sem skráð eru á frístundaheimili. Þetta er verulegt umhugsunarefni, þar sem að sveitarfélögum hefur verið gert skylt að bjóða upp á starfsemi frístundaheimila frá árinu 2016.

Þakkir

Höfundar vilja færa ritstjórum og ritrýnum þakkir fyrir gagnlegar ábendingar við efni greinarinnar. Starfsfólk Menntavísindastofnunar, Ólöf Ragna Einarasdóttir og Unnar Geirdal Arason, aðstoðuðu við framkvæmd spurningakönnunar og fá kærar þakkir fyrir þeirra mikilvæga hlut í verkefninu. Síðast en ekki síst færum við þeim aðilum sem tóku sér tíma til að taka þátt í rannsókninni innilegar þakkir fyrir þeirra dýrmæta framlag.

Implementing the quality framework for leisure-time centres. Perspectives of leaders and staff

This study explores developing and implementing a quality framework for school-aged education or leisure-time centres for six-to-nine-year-old children in Iceland. Evaluating the quality of educational programs is complex, as various cultural, social and professional values influence quality evaluation. When discussing quality in educational activities, a distinction is often made between structural quality and process quality, where structural quality refers to the external standards of the work that policymakers and administrators are responsible for, such as the number of children, safety factors, training and staff education, and the premises and infrastructure of the programs. On the other hand, process quality refers to daily organisation, professional practices and the quality of communications between staff and children (Cassidy et al., 2005). The Icelandic educational government introduced a policy framework in 2018 that defined the quality of leisure-time centres. The quality framework defines four main criteria: a) child-centred practices and children's rights, b) daily organisation and practices, c) human resources and professionalism, and d) management and organisation. Four main goals were defined under each theme that further described the desired conditions to develop a quality practice within the leisure-time centres. Following the establishment of these quality standards, the Ministry of Education and Culture published a self-assessment tool for leisure-time centres in 2021 (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021b). Furthermore, a theme issue for leisure-time centres was published the same year, summarising their ideological basis (Oddný Sturludóttir, 2021). The main research questions were: 1) What is the role of leisure-time centres according to the quality framework; and 2) How do leaders and staff assess the state of implementation, and what opportunities and challenges do they identify?

The research used a mixed methodology, quantitative and qualitative, to gather multifaceted data on the state of implementation of the quality criteria in leisure-time centres. Such a methodology can be well suited to seek further explanations and get a fuller picture of the subject of research (Anna Ólafsdóttir & Sigfríður Inga Karlsdóttir, 2021). The study was conducted in three steps. The first step of the research was to analyse the focus and themes in the relevant policy documents on the quality of leisure-time centres. The second step was to explore the perspectives of leaders and staff of leisure-time centres through an online questionnaire, and the third step was to conduct a focus group with leaders in leisure-time centres.

Results show that the main challenges in the implementation of quality standards relate to structural quality, such as housing and outdoor areas. About a third of the respondents believed that it was going poorly or very poorly to ensure these basic pillars in the work of leisure-time centres. About a quarter believed that it was difficult to ensure that materials and equipment that appeal to children's interests are available, or they do not think they can assess that aspect. 31 % thought that it was going badly or very badly to ensure that a municipality had formulated a policy, and 15 % of the respondents did not know if there was a policy in the relevant municipality. About 20 % of the respondents answered that it was going poorly/very poorly to ensure the competence of the staff and that staff showed initiative.

On a more positive note, most respondents believed that implementing the professional goals related to the children's well-being, interests, and social skills was going well or very well. About 11 % believed that it was not working as it should be to ensure children's active participation. In general, the participants believed that democratic practices characterised the work, but 11 % of the participants assessed that it was going poorly or very poorly to ensure that the work environment was inclusive and that there was active cooperation with schools and other sports and youth activities in the local environment.

A large majority believed that the leisure-time centre offered a variety of activities, but about 8 % believed that was not the case, and 5 % did not trust themselves to assess it. In Iceland, as in many European countries, there is no specific data on children's enrollment in leisure-time centres or their operations (Plantenga & Remery, 2017). The findings of this study call for a targeted response on the part of the government, local authorities and the leadership of educators and leaders responsible for the professional development of leisure-time centres. Education and professional support for the staff of after-hours centres need to be greatly strengthened. Further study is needed to explore the relationship between structural and process quality in the educational activities of leisure-time centres.

Keywords: school-age educare, quality, educational policy, professionalism, educational collaboration

Um höfunda

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) er dósent og forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í heimspeki 1997, MA-gráðu í menntunarfræðum 2001 og PhD-gráðu í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands árið 2012. Í rannsóknum sínum hefur Kolbrún beint sjónum að ferðalagi ungmenna milli ólíkra námsumhverfa, formlegra og óformlegra, og lærdóm þeirra innan og utan skóla. Rannsóknarsvið hennar eru meðal annars fagþróun frístundaheimila, formleg og óformleg menntun, menntastefna, fagmennska og samstarf í skóla- og frístundastarfi. Á meðal núverandi rannsóknarverkefna hennar eru farsæld og menntun, tilgangur og merking í lífi ungmenna, og innleiðing gæðaviðmiða í starf frístundaheimila.

Steingerður Kristjánsdóttir (steingek@hi.is) er aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og kennir í tólmstunda- og félagsmálafræði. Hún lauk grunnskólakennaranámi, B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1996, og MA-gráðu í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands árið 2013. Steingerður starfaði sem verkefnisstjóri barnastarfs, fyrst hjá Íþróttta- og tólmstundaráði Reykjavíkur og síðar hjá Skóla- og frístundasviði á árunum 2002–2015. Meginrannsóknarefni hennar eru frístundaheimili, forysta og fagmennska.

About the authors

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) is an associate professor and dean of the School of Education at the University of Iceland. She received her BA degree in philosophy in 1997, an MA in education in 2001 and a PhD in education from the University of Iceland in 2012. In her academic work, Kolbrún has explored the connection between formal and informal learning as young people navigate their lives between school and out-of-school venues. Her research areas include school-aged educare, formal and informal education, education policy, professionalism and interdisciplinary collaboration. Amongst her current research projects is well-being and education, meaning and purpose in the lives of young people, and implementation of a quality framework in school-aged educare.

Steingerður Kristjánsdóttir (steingek@hi.is) is an adjunct lecturer in youth and leisure studies at the University of Iceland, School of Education. She finished a B.Ed in compulsory school teaching from the Icelandic Teachers College in 1996, and a master's in human resources from the University of Iceland in 2013. Steingerður was the department leader of children's leisure at the Reykjavík Sport and Leisure Council, later Reykjavík Education Department, from 2002 to 2015. Her main research areas include school-aged educare, leadership and professionalisation.

Heimildaskrá

- Anna Ólafsdóttir og Sigríður Inga Karlsdóttir. (2021). Rannsóknir með blönduðum aðferðum. Í Sigríður Ólafsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 637–650). Háskólinn á Akureyri.
- Boström, L. og Augustsson, G. (2016). Learning environments in Swedish leisure-time centres: (In)equality, 'schooling', and lack of independence. *International Journal for Research on Extended Education*, 4(1), 125–145. <https://doi.org/10.3224/ijree.v4i1.24779>
- Braun, V. og Clarke, V. (2014). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Sage.
- Cartmel, J. og Grieshaber, S. (2014). Communicating for quality in school age care services. *Australasian Journal of Early Childhood*, 39(3), 23–28. <https://doi.org/10.1177/183693911403900304>
- Cartmel, J., Irvine, S., Harrison, L., Barblett, L., Bobongie-Harris, F., Lavina, L. og Hadley, F. (2023). Conceptualising the education and care workforce from the perspective of children and young people. *Frontiers in Education*, 8, 1167486. <https://doi.org/10.3389/educ.2023.1167486>
- Cassidy, D. J., Hestenes, L. L., Hansen, J. K., Hegde, A., Shim, J. og Hestenes, S. (2005). Revisiting the two faces of child care quality: Structure and process. *Early Education & Development*, 16(4), 505–520. https://doi.org/10.1207/s15566935eed1604_10
- Dahlberg, M. og Moss, P. (2013). *Beyond quality in early childhood education and care: Languages of evaluation* (3. útgáfa). Routledge.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. McGraw-Hill.
- Fischer, N., Elvstrand, H. og Stahl, L. (2022). Promoting quality of extended education at primary schools in Sweden and Germany: A comparison of guidelines and children's perspectives. *Zeitschrift für Grundschulforschung*, 15(2), 273–289. <https://doi.org/10.1007/s42278-022-00148-9>
- Fischer, O. og Loparics, J. (2021). Specialised professional training makes a difference! The importance and prestige of typical duties in all-day schools from the perspective of teachers, leisure educators, principals and coordinators of extended education. *IJREE – International Journal for Research on Extended Education*, 8(2), 211–226. <https://doi.org/10.3224/ijree.v8i2.08>
- Fukkink, R. og Boogaard, M. (2020). Pedagogical quality of after-school care: Relaxation and/or enrichment? *Children and Youth Services Review*, 112, 104903. <https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2020.104903>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841–2023*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00101.px
- Háskóli Íslands. (2014). *Visindasiðareglur Háskóla Íslands*. https://www.hi.is/sites/default/files/sigs/Skjol/vshi_sidaareglur_16_1_2014.pdf
- Hurst, B. (2019). Play and leisure in Australian school age care: Reconceptualizing children's waiting as a site of play and labour. *Childhood*, 26(4), 462–475. <https://doi.org/10.1177/0907568219868521>
- Jakob F. Þorsteinsson. (2014). Ný menntun í takt við kröfur samtímans. Tómsunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands. *Uppeldi og menntun*, 23/1, bls. 99–105.
- Kerr, K. og Dyson, A. (2020). Researching complex extended education initiatives in England: A design-based approach using theory of change. Í S. H. Bae, J. L. Mahoney, S. Maschke og L. Stecher (ritstjórar), *International developments in research on extended education: Perspectives on extracurricular activities, after-school programs, and all-day schools* (bls. 115–134). Verlag Barbara Budrich.
- Klerfelt, A. og Haglund, B. (2014). Presentation of research on school-age educare in Sweden. *International Journal for Research on Extended Education*, 2(1), 45–62. <https://doi.org/10.3224/ijree.v2i1.19533>
- Klerfelt, A., Haglund, B., Anderson, B. og Kane, E. (2020). Swedish school-age educare: A combination of education and care. Í S. H. Bae, J. L. Mahoney, S. Maschke og L. Stecher (ritstjórar), *International developments in research on extended education: Perspectives on extracurricular activities, after-school programs, and all-day schools* (bls. 173–192). Verlag Barbara Budrich.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2009). Frístundaheimili fyrir 6–9 ára börn í reykvísku skólalstarfi. *Uppeldi og menntun*, 18(1), 37–59. <https://timarit.is/page/5015792#page/n36/mode/2up>
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2014). *Könnun á starfsemi frístundaheimila haustið 2013*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/skyrsla_konnun_lengd-vidvera_2013.pdf
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2017). Integrated learning in schools: An Icelandic case study. *Journal of Professional Capital and Community*, 2(4), 215–228. <https://doi.org/10.1108/JPC-04-2017-0008>

- Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Kristján Kristjánsson. (2023). Farsæld sem markmið menntunar: Ákall um aðgerðir. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 32(1-2), 83–106. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2023.32.5>
- Lög um grunnskóla, nr. 66/1995
- Lög um grunnskóla, nr. 91/2008
- Lög nr. 76/2016, um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum (sjálfstætt reknir grunnskólar, breytt valdmörk ráðuneyta, tómstundastarf og frístundaheimili).
- Lög nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Mennta- og barnamálaráðuneyti. (2022). *Grunnskólar: Frístundastarf í grunnskólum: Gæði frístundastarfs*. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/grunnskolar/>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2018). *Frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn, hlutverk, leiðarljós, markmið og viðmið: Tillögur starfshóps*. https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Vidmid%20i%20fristundastarfi_skyrsla%20starfshops%20feb.%202018.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021a). *Menntastefna 2030: Skýrsla OECD um innleiðingu menntastefnu*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menntastefna%202030_thyding%20skyrslu%20OECD_050721.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021b). *Sjálfsmatstæki fyrir frístundaheimili*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Sj%20c3%a1lfsmatst%20a6ki%20fyrir%20fr%20c3%adstundaheimili_april%202021_leidbeiningar%20MRN.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (án árs). *Hlutverk frístundaheimila*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Veggspjald%20C3%A1%20C3%ADslensku%20um%20markmi%20C3%B0%20og%20vi%20C3%B0mi%20C3%B0%20C3%AD%20starfi%20fr%20C3%ADstundaheimila.pdf>
- Oddný Sturludóttir (ritstjóri). (2021). *Frístundaheimili – Leikur og nám á forsendum barna: Demahefti um frístundaheimili*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/%20c3%9eemahefti_fr%20c3%adstundaheimili_lokagerd_vefbirting_april%202021.pdf
- Phillips, D. og Howes, C. (1987). Indicators of quality in child care: Review of research. Í D. Phillips (ritstjóri), *Quality in child care: What does research tell us?* (bls. 1–19). National association for the education of young children.
- Plantenga, J. og Remery, C. (2017). Out-of-school childcare: Exploring availability and quality in EU member states. *Journal of European Social Policy*, 27(1), 25–39. <https://doi.org/10.1177/0958928716672174>
- Reykjavíkurborg. (2002). *Greinargerð um innleiðslu frístundaheimila við yngra stig grunnskóla í Reykjavík*.
- Reykjavíkurborg. (2010). *Borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila Reykjavíkurborgar*. https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/borgarradssamthykkt_um_frirstundaheimili_itr_fra_4._mars_2010.pdf?fbclid=IwAR15aCs6e5jZAhQgyTEC9dC0BnmzfSwhJnP2ChyrBzhY3xuAuJ0Ih3ythf4
- Reykjavíkurborg. (2015). *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs*. https://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid_-_mat_i_fristundastarfi_0.pdf
- Schuepbach, M. og Lilla, N. (2020). Professionalism in the field of extended education. Í S. H. Bae, J. L. Mahoney, S. Maschke og L. Stecher (ritstjórar), *International developments in research on extended education: Perspectives on extracurricular activities, after-school programs, and all-day schools* (bls. 55–72). Verlag Barbara Budrich.
- Skolverket. (2018). *Curriculum for the compulsory school, preschool class and school-age educare*. <https://www.skolverket.se/download/18.31c292d516e7445866a218f/1576654682907/pdf3984.pdf>
- Þingskjal nr. 440/2020–2021. *Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna*. <https://www.althingi.is/altext/151/s/0440.html>

